



# Sýslumannafélag Íslands

Hafnarstræti 1 - 400 Ísafjörður • Kt. 541207-1550

Sími 458 2400 • Netfang [syslumannafelagid@sylumenn.is](mailto:syslumannafelagid@sylumenn.is) • Vefur [www.sylumenn.is](http://www.sylumenn.is)

Ísfirði, 11. janúar 2021.

Nefndasvið Alþingis  
Kirkjustræti, Reykjavík

Netfang: [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Efni: Umsögn Sýslumannafélags Íslands um frumvarp til kosningalaga, þingmál nr. 339 á 151 löggjafarþingi, þingskjal 401.

Sýslumannafélagi Íslands barst þann 18. desember sl. til umsagnar ofangreint mál. Í framhaldinu fór stjórn félagsins þess á leit við Lárus Bjarnason, sýslumann á Austurlandi, að hann ritaði umsgön fyrir hönd félagsins, sem félagið gerir að sinni eftir að hafa komið henni á framfæri við félagsmenn.

Fer umsögnin hér á eftir:

Jónas Guðmundsson  
formaður

„Sýslumannafélag Íslands hér eftir S.Í. hefur kosið að gera athugasemdir við frumvarpið og fylgja þær hér með:

## **Almennt.**

Eingöngur verður fjallað um ákvæði sem snúa beinlínis að S.Í. Eru það einkum þeir kaflar er varða utankjörfundaratkvæðagreiðslur og kjörgögn. Sýslumannafélagið fagnar framkomnu frumvarpi og telur það fela í sér tímabæra breytingu á kosningalögum til einföldunar og skýringa á eldri lögum. Frumvarpið felur í sér breytta stjórnarsýslu hvað varðar kosningar. Aðkoma sveitarstjórna að utankjörfundaratkvæðagreiðslum eykst skv. frumvarpinu og þarf að vanda verulega til reglugerðar sem ráðherra setur og sömuleiðis leiðbeininga Landskjörstjórnar til að auka skýrleika nýs og aukins hlutverks sveitarstjórna í kosningakerfinu. Mikilvægt er að sveitarstjórnir og starfsmenn þeirra sem eiga að koma að kosningum fái þá þjálfun og leiðbeiningar sem boðað er með frumvarpinu. Reynir þar á að skýra betur skipun einstakra starfsmanna sveitarstjórna sem kjörstjóra í umboði sýslumanna að ósk sveitarstjórna. Hvað gerist t.a.m. ef sveitarstjórnir sinna ekki þessum

þætti? Frumvarpið fjallar um færanlega kjörstaði sem ýmist geta verið á hendi sýslumanna sem kjörstjóra eða sveitarstjórna. Spurningar vakna um skiptingu á þessu hlutverki og kostnaði við það. Hvernig fer almennt um kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga varðandi utankjörfundaratkvæðagreiðslur? Ýmsar spurningar vakna sem leysa þarf úr og er algerlega nauðsynlegt að leysa fljótt og vel úr með reglugerð og leiðbeiningum frá Landskjörstjórn. Hér á eftir munu verða settar fram athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins sem skýra frekar ofangreind atriði og eftir atvikum önnur aðkallandi úrlausnarefni, sem fjalla verður um í reglugerð og leiðbeiningum.

### **Einstakar lagagreinar:**

**62. gr.** um kjörgögn: Mjög mikilvægt er að hér verði settar skýrar reglur í reglugerð um varðveislu kjörgagna, þar sem gert virðist vera ráð fyrir að einstakir kjörstjórar geymi kjörgögn á milli kosninga, sbr. „Kjörgögn þessi skulu jafnan vera fyrir hendi hjá þeim er annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar“. Miðað við aukið hlutverk sveitarstjórna þarf að setja hér skýrar reglur um varðveisluna og aðkomu starfsmanna sveitarstjórna. Hingað til hafa kjörstjórar almennt skilað sýslumönnum utankjörfundargögnum eftir hverjar kosningar og fengið send ný í upphafi hverra nýrra kosninga.

**63. gr.** Drengskaparheit: Hér vaknar spurning um hvort ekki nægi að kjörstjórar gefi drengskaparheit einu sinni. Þetta mætti koma fram í reglugerð eða leiðbeiningum Landskjörstjórnar.

**69. gr.** Atkvæðagreiðsla getur skv. 2. mgr. 1. tl. farið fram með eftirfarandi hætti: „Sýslumaður getur ákveðið að atkvæðagreiðsla fari fram á sérstökum kjörstað utan aðalskrifstofu, svo og að atkvæðagreiðsla fari fram á öðrum stöðum í umdæmi hans. Sýslumaður getur ákveðið að kjörstaður sé hreyfanlegur.“ Hér reynir á heimildir til fjárútláta og þarf að kveða skýrt á um það í reglugerð hvernig með þennan kostnað fari. Í þessum tölulið er það sýslumaður sem tekur ákvörðun án utanaðkomandi óska annarra stjórnvalda og þar með má ætla að kostnaður sem af þessu hlýst greiðist úr ríkissjóði.

Skv. 2. mgr. 2. tl. getur kosning farið fram: „Í húsnæði á vegum sveitarfélags, enda skal sýslumaður að ósk sveitarstjórnar skipa kjörstjóra, sem getur verið starfsmaður sveitarfélags, til þess að annast atkvæðagreiðslu. Heimilt er að ósk sveitarfélags að slíkur kjörstaður sé hreyfanlegur.“ Hér þarf enn frekari ákvæði um kostnaðarskiptingu. Tilraunaverkefni hefur verið í gangi varðandi þessa útfærslu að hluta og var aðkoma sveitarfélaganna hugsuð þannig að þau leggðu kjörstjóra til ríkinu að kostnaðarlausu. Hérna er það gert að skilyrði að ósk sveitarfélagsins komi fram um að sýslumaður skipi kjörstjóra sem geti verið starfsmaður sveitarfélagsins. Þetta er opið og óljóst ákvæði. Hvað ef engin slík ósk kemur fram? Hvað ef slík ósk kemur fram en sveitarfélagið vill að sýslumaður standi kostnað af verkinu? Hvað táknar orðalagið „sem getur verið starfsmaður sveitarfélags?“ Er ekki eðlilegt í þessu samhengi að eingöngu starfsmenn sveitarfélaga falli þarna undir? Hérna reynir á að fram komi skýr fyrir mæli í reglugerð um fyrirkomulag skv. þessum tölulið. Sömu sjónarmið eiga við um heimild til að slíkur kjörstaður sé hreyfanlegur, þ.e. hver stendur straum af kostnaði við leigu á rútu og öðrum tilfallandi kostnaði?

Skv. 3. tl. er það undir „ósk forstöðumanns“ komið hvort kosið verði: „Á heilbrigðis- og öldrunarstofnunum, stofnunum fyrir fatlað fólk og í fangelsum fyrir kjósendur sem dveljast þar“, þetta vekur spurningar um jafnræði kjósenda. Hvað ef forstöðumaður ákveður það með sjálfum sér að óska ekki eftir því að fram fari kosning á slíkri stofnun? Getur hann þannig haft kosningarétt af þeim sem dvelja á stofnuninni? Hlýtur ekki að þurfa að setja um þetta ákveðnar reglu? Bent hefur verið á vanda sýslumanna við að vita hvar séu slíkar stofnanir og að þeim hafi fjölgað í seinni tíð og séu auk þess margar hverjar einkareknar. Þetta vekur upp spurningar um hvort kosningaréttur sé tryggur.

Í 4. tl. er fjallað um heimahúsakosningu. Þar segir: „ Í heimahúsi ef kjósandi getur ekki sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar nema hann eigi kost á að greiða atkvæði á stofnun skv. 3. tölul.“ Þessi tölulíður vekur spurningar um það hvort ekki væri rétt að bæta við skilyrði um sönnun með læknisvottorði að sjúkdómur, fötlun eða barnsburður liggja fyrir þannig að eigi sé hætt á misnotkun þessa ákvæðis.

„ Kjörstjóri skal sjá til þess að á kjörstað og í næsta nágrenni hans fari hvorki fram óleyfilegur kosningaáróður eða kosningaspjöll né önnur starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga.“

Bent er á að oftast er kjörstjóri einn að störfum og hefur ekki mikið svigrúm til að fylgjast með því hvort uppi sé óleyfilegur kosningaáróður eða kosningaspjöld í næsta nágrenni við kjörstað eða starfsemi sem hindrar framkvæmd kosninga. Slíkt gæti átt sér stað utan sjónsviðs kjörstjóra. Rétt væri að setja ákvæði um það að lögreglan hefði þetta hlutverk með höndum hugsanlega að ábendingu kjörstjóra og í samvinnu við hann.

Fagna ber ákvæði um að kosning skuli fara fram í samráði við sóttvarnaryfirvöld ef kjósandi er haldinn alvarlegum smitsjúkdómi og eins að hægt sé að synja um kosningu ef heilsu kjörstjóra eða almennings er stefnt í voða.

Enn er ítrekað mikilvægi þess að fram komi skýr ákvæði í reglugerð um kosningu skv. 3. og 4. tl. 2. mgr. eins og heimilað er í 7. mgr. 69. gr.

**71. gr. Póstkosning.** Hér er á ferðinni nýmæli í kosningalögum. Rétt þykir að ítreka það sem fram kemur í greininni að setja þurfi í reglugerð ráðherra nánari reglur um fyrirkomulag póstkosningar að fengnum tillögum Landskjörstjórnar. Skv. ákvæðinu ber að senda sveitarstjórn póstatkvæði og er þar einnig á ferðinni breytt fyrirkomulag frá því sem gilt hefur í framkvæmd varðandi aðsend utankjörfundaratkvæði. Þó svo sendiumslög hafi hingað til verið merkt ýmist sveitarstjórn eða viðkomandi sýslumanni þá hefur reyndin verið sú að sýslumenn hafa tekið við utankjörfundaratkvæðum, skráð þau og varðveitt fram á kjördag er utankjörfundaratkvæðakössum hefur verið skilað til kjörstjórna ýmist deginum fyrir kjördag eða á sjálfum kjördegi. Kjörstjórnir hafa hingað til ekki komið saman fyrr en á kjördag og sveitarstjórnir hafa almennt ekki tekið við utankjörfundaratkvæðum fyrr en utankjörfundaratkvæðagreiðslu hjá sýslumönnum er lokið og þeir hafa skilað af sér. Þetta ákvæði kallar því á gerbreytta framkvæmd varðandi póstkosninguna. Landskjörstjórn þarf því að gefa leiðbeiningar og ráðherra að setja í reglugerð skýrar reglur um það hvernig sveitarstjórnir eigi að standa að skráningu, utanumhaldi og varðveislu þessara póstatkvæða. Eins vekur þetta upp spurningar um það hvort sveitarfélögin eigi þar með einnig að fara að taka við, skrá og varðveita aðsend utankjörfundaratkvæði? Enn vaknar spurning um það hvort póstatkvæði sem mögulega berast til sýslumanna megi fara í kjörkassa hjá þeim og þá leið til kjörstjórna eða hvort þau verði skv. orðalagi að berast beint til viðkomandi sveitarstjórnar? Breytt fyrirkomulag á talning atkvæða sýnist kalla á að atkvæði berist beint til sveitarstjórna.

**81. gr.** Meðferð kjörstjórna á utankjörfundaratkvæðagögnum. Enn er vísað til leiðbeininga Landskjörstjórnar og reglugerðar ráðherra. Þar sem frumvarpið er engan veginn tæmandi hvað varðar þessa þætti og marga aðra ítrekar S.Í. enn og aftur nauðsyn þess að setja ýtarlegar og skýrar reglur um þau atriði sem eru ný af nálinni og eins önnur sem taka eiga breytingum og ekki eru nákvæmlega útlistuð skv. frumvarpinu.

**Niðurlag:** Eins og fram er komið fagnar Sýslumannafélagið fram komnu frumvarpi til kosningalaga. Það hefur í för með sér ýmsar breytingar á aðkomu sýslumanna að kosningum. Til að mynda er sett á stofn úrskurðarnefnd kosningamála sem tekur m.a. við því hlutverki sýslumanna að skipa nefnd í tilefni af kosningakærum við sveitarstjórnarkosningar. Þá eykst hlutur sveitarstjórna við kosningar almennt og ekki síst við utankjörfundaratkvæðagreiðslur sem heyra undir sýslumenn sem kjörstjóra. Ýmislegt

Í þeim samskiptum þarf að skýra betur eins og fram er komið. Aðaláhersla S.Í. er á að fram komi skýrar tillögur frá Landskjörstjórn sem settar verði í reglugerð ráðherra sem styðst við bein lagaákvæði víða í frumvarpinu.

Seyðisfirði, 30. desember 2021

F.h. Sýslumannafélags Íslands,

Lárus Bjarnason "